

ÍSAN1AB05

Búið til: Thu, 15 Feb 2024 14:10:24 GMT

Titill

Íslenska sem annað mál 2

Skammstöfun

ÍSAN1AB05

Útgáfunúmer

40

Námsgrein

Íslenska sem annað mál

Viðfangsefni

atvinnulíf, bókmenntir, framsögn, ritun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn er ætluðum nemendum sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa dvalið í lágmark eina önn á Íslandi. Áfanginn samsvarar A1 – A2 í evrópska tungumálarammanum. Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða sem tengist nærumhverfi nemenda, framburð, hlustun, lestur og ritun. Unnið er með alla færniþætti jafnt því markmiðið er að nemendur geti skilið og tjáð sig á íslensku um sjálfa sig og nærumhverfi sitt. Málnotkun sem tengist daglegu málið, þ.m.t. sagnbeygingar í nútíð og þátíð.

Forkröfur

ÍSAN1AA05 eða sambærilegur áfangi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðaforða og málnotkun sem tengist nærumhverfi og daglegum athöfnum
- lestur stuttra texta um kunnugleg málefni
- frásögn í nútíð og þátíð

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfalda texta og greina innihald
- segja frá eigin athöfnum í nútíð og þátíð
- tjá sig í ræðu og riti um athafnir og atriði sem tengjast nærumhverfi þeirra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig á einfaldri íslensku um eigin athafnir og nærumhverfi sitt
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- segja frá og skilja þegar aðrir segja frá eigin athöfnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega

Skólar

Fyrirmynd